

## AUGLÝSING

### um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum og að fengnum tillögum frá skipulagsráði Akureyrarkaupstaðar sem samþykktar voru 13. mars 2019 hefur lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra ákveðið að bannað sé að leggja eða stöðva ökutæki við vesturkant Kaldbaksgötu, milli Gránufélagsgötu og Strandgötu annars vegar og við austurkant Laufásötu milli Strandgötu og Gránufélagsgötu hins vegar allan sólarhringinn frá 1. maí til 25. september 2019.

Bannið er táknað með umferðarmerkinu B24.11, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Auglýsing þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Akureyri sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

*Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra, 19. mars 2019.*

**Halla Bergþóra Björnsdóttir.**

---

B-deild – Útgáfud.: 2. apríl 2019